

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum aðildarfélaganna fór fram sunnudaginn 25.nóvember 2018 í A-sal ÍSÍ í Laugardal. Fundurinn hófst kl. 15.00

Mættir voru auk stjórnar formenn frá Ármanni, KFA, Stjórnunni, KDH, Akranesi og Austrá.

Þetta gerðist:

1.FUNDARSETNING – Hulda Elsa, formaður, setti fundinn.

2. KOSNING FUNDARSTJÓRA OG FUNDARRITARA – Hulda var kjörin fundarstjóri og Gry fundarritari.

### 3. MÁL FRÁ STJÓRN

- FORMANNAFUNDUR ÍSÍ – Hulda Elsa sagði frá helstu tíðindum á formannafundi ÍSÍ.

Hægt er að kynna sér efni fundarins nánar á vef ÍSÍ.

- ÁRSÞING IPF – Gry sagði frá helstu tíðindum á ársþingi IPF 2018, en fundargerð og skýrslur verða aðgengileg á vef IPF.

- MÓTAMÁL – Þórunn sagði frá stöðu mála varðandi mótaskrá 2019 en ennþá vantar mótshaldara á nokkur mót. Rætt voru möguleikar á að tímasetja mót nokkur ár fram í tímann þegar búið væri að finna niðurröðun móta sem væri almenn sátt um. Ræddir voru ýmsir möguleikar á uppsetningu móta.

Þorbergur, formaður KDH, vildi koma á framfæri að hann væri tilbúinn til að taka að sér mótahald ef hann fengi afsökunarbeiðni frá stjórn vegna úrskurðar aganefndar í máli KDH 2017.

- FRÁ AFREKSSJÓÐI – FLOKKUN SÉRSAMBANDA – Hulda Elsa sagði frá fundi stjórnar með formanni og starfsmönnum Afrekssjóðs. Hún gerði grein fyrir ástæður þess að sjóðurinn hefur ákveðið að Kraftlyftingasambandið flokkist sem B-samband 2019 og hvaða breytingar það geti haft í för með sér.

- KRAFTLYFTINGAÞING 2019

Stefnt verður að þinghaldi í tengslum við bikarmótin í febrúar. Hulda Elsa upplýsti að lagðar verða fyrir þingið tillögur að nýjum lögum sambandsins, en þær verða sendar út til formanna tímanlega svo menn hafi tækifæri til að kynna sér þær vel. Hún upplýsti líka að hún muni ekki gefa kost á sér til endurkjörs í formennsku.

### 4. ÖNNUR MÁL

- Gry minnti formenn að gefnu tilefni á að meðlimir í félögum KRAFT er óheimilt að keppa

og starfa á kraftlyftingamótum utan sambandsins.

- Grétar Skúli kynnti bækling sem hann hefur látið gera til kynningar á kraftlyftingum til notkunnar við fjáröflun. Hann ræddi ymsar hugmyndir að fjáröflun fyrir sambandið og félög., m.a. að taka upp greiðslu lísensgjalds fyrir keppendur.

- Einar Örn setti fram þá ósk að það yrði verkefni sambandsins að leggja til starfsmenn á ritaraborð á meistaramótum. Starfsmenn sambandsins gætu t.d. komið að því.

- Rætt var um tölvukerfi og hvort tímabært væri að finna nýtt og einfaldara kerfi til að halda utanum mót.

- Rætt var um möguleika til að kynna íþróttina í framhaldsskólum.

## 5. FUNDARSLIT

Hulda Elsa þakkaði fyrir skemmtilegar og góðar umræður og sleit fundi kl. 16.50

Fundarritari: Gry Ek